



Alþingi  
Erindi nr. P 126/1339  
komudagur 6.3.2001


Hafnarfjörður, 6. mars 2001

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Þórarins Þorgeirssonar  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík

EFNI: ÝMSAR ATHUGASEMDIR VEGNA FRUMVARPS TIL LAGA

Meðfylgjandi eru ýmsar athugasemdir vegna frumvarps til laga sem er unnið af laga-  
nefnd Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva að beiðni landbúnaðarráðuneytis-  
ins fyrir landbúnaðarnefnd.

Fh. LFH

  
Jónatan Þórðarson

## Athugasemdir við frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76/1970 um lax og silungsveiði með síðari breytingum.

Almennar athugasemdir:

- Löggjöf um atvinnuvegi er almennt ætlað að tryggja eðlilegt jafnvægi milli hagsmuna viðkomandi atvinnugreinar og almannahagsmuna. Löggjöf um fiskeldi á því að gera rekstraraðilum kleift að reka öflugt fiskeldi í sátt við vistkerfið og umhverfið að öðru leyti. Kröfur til greinarinnar verða hins vegar að byggja á efnislegum rökum og vera skilgreindar þannig að framkvæmdaaðilar geti uppfyllt þær.
- Athygli vekur hvernig frumvarpsdrögin eru sett fram. Í upphafi athugasemda með drögunum kemur fram að lagabreytinga sé þörf þar sem núgildandi löggjöf um málaflokkinn sé fábrotin og gefi stjórnvöldum „ekki nægjanlegt svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar“. Til samanburðar er yfirlýstur tilgangur norsku fiskeldislaganna að stuðla að því atvinnugreinin njóti jafnvægis og styrks í uppbygginu sinni og verði arðbær uppspretta atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Hér er nokkur munur á.
- Í frumvarpinu er farin sú leið að setja mjög ítarleg ákvæði um þau skilyrði sem rekstraraðilar þurfa að uppfylla. Sett er á fót ný stjórnábyrging, þ.e. „Fiskeldisnefnd“, til viðbótar þeirri fjölbreyttu stofnanafloðu sem þegar er fyrir hendi á þessu sviði. Í norsku lögunum er að finna fábreytt efnisákvæði, en stjórnvöldum er veitt viðtækt vald til setningu tæknilegra reglna. Efast má um skynsemi þess að rígbinda formreglur um leyfisveitingar í lög með þeim hætti sem hér er lagt til.
- Gert er ráð fyrir að rekstrarleyfi verði veitt af landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, fisksjúkdómanefndar, veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Sú spurning vaknar hins vegar hvort ekki sé mögulegt að fækka að einhverju leyti í þessari fjölbreyttu stofnanafloðu. Spyrja má hvers vegna þurfi umsögn bæði dýralæknis fisksjúkdóma og fisksjúkdómanefndar, þar sem dýralæknir fisksjúkdóma er ráðgjafi nefndarinnar og eini fagaðilinn. Þá má spyrja hvers vegna veiðimálanefnd sé umsagnaraðili? Eðlilegast væri að eftirtaldir þrír aðilar veittu umsögn: 1) Veiðimálastjóri, vegna veiðimála. 2) Dýralæknir fisksjúkdóma, vegna fisksjúkdóma. 3) Fiskeldisnefnd.
- Jákvætt er að sett verði á fót sérstök fiskeldisnefnd, til að vera ráðherra til ráðuneytis um fiskeldismál. Þar eiga sæti fulltrúar sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknarstofnunar, og fulltrúi veiðimálastjóra, auk fulltrúa landbúnaðarráðherra. Þar er hins vegar sá meinbugur á að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva á engan fulltrúa í þeirri nefnd og er það í hróplegu ósamræmi við skipan annarra atvinnuveganefnda t.a.m. veiðimálanefndar.
- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Veiðimálastofnun veiti veiðimálastjóra umsögn um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun. Þetta er algerlega óviðunandi. Veiðimálastofnun hefur ekki megnað að koma fram sem óháð rannsóknarstofnun, eins og henni ber skv. lögum. Forstjóri og sérfræðingar stofnunarinnar hafa ítrekað tekið einhliða afstöðu gegn fiskeldi. Þeir gengu svo langt sl. sumar að skrifa saman, allir með tölu, áróðursgrein gegn fiskeldi í félagsblað stangveiðimanna, þar sem mjög var hallað réttu máli. Sérfræðingar Veiðimálastofnunar hafa ítrekað sett fram þá staðhæfingu að kvíaelði feli í öllum tilfellum í sér hættu á erfðablöndun, óháð staðsetningu. Það er óásættanlegt með öllu að veiðimálastjóri leiti álits stofnunarinnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, því álit hennar liggur þegar fyrir. Því er ljóst að ekkert leyfi verður veitt ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum. Hlutdrægni Veiðimálastofnunar er alvarlegur vandi.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

**1. gr.**

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 1. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð:

Heilsárseldi: Hefðbundið laxeldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.

Skiptiældi: Eldi á laxi í strandeldi upp í 500-1000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.

Örmerkingar: Merkingar á laxi með örsmáum málmflisum í snoppuna.

**Um 1. gr:**

Stærð útsettra seiða í skiptiældi: Stærri en 200 grömm og seltuvanin í landstöð.

**Almennt um 3. gr.:**

Athygli vekur hversu ítarleg ákvæði eru hér sett í lög, sem og hversu víðtækar heimildir ráðherra fær til að afturkalla rekstrarleyfi. Í norsku fiskeldislögunum er stjórnvöldum ekki heimilað að hringla með rekstrarleyfið, eftir að það hefur verið veitt. Vanræksla í rekstri og brot á ákvæðum rekstrarleyfis varða hins vegar sektum eða fangelsi. Rekstrarleyfi er sú forsenda sem fjárfestar byggja á, og verður að vera það traust að það réttlæti langtímafjárfestingu.

**2. mgr. 3. gr.**

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis eða hafbeitar skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldis- eða hafbeitarstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands, vatns og sjávar, áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur svo og önnur gögn sem landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

**Að því er varðar 2. mgr. 3. gr.**

- Umsókn um rekstrarleyfi skulu m.a. fylgja upplýsingar um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að fram komi í greinargerð að þetta feli í sér að hér sé ætlunin að í starfsleyfi verði aðeins tekið á almennum rekstrarþáttum, en að í leyfisveitingaferli samkvæmt þessum lögum um lax- og silungsveiði verði fjallað um vistfræðilega þætti og sjúkdómahættu. Girða verður fyrir það með skýrum hætti að framkvæmdaraðilar þurfi aftur og aftur að sæta sams konar athugun sem tengist sjúkdómahættu og erfðablöndun.
- Umsókn á að fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar. Rétt er að vekja athygli á sambengi þessa við önnur íþyngjandi ákvæði laganna. Sem dæmi má nefna að ef sett verður annað hámark framleiðslu en áætlunir kveða á um, s.s. 2000 tonn þegar sótt er um 8000 tonna stöð, hrynja þær arðsemisáætlunir sem liggja að baki rekstraráætlunum, þar með talið um gæði búnaðar.
- Eðlilegt er að rekstrarleyfi byggji á starfsleyfi og ekki sé um tvítekningu skilyrða að ræða. T.d. að rekstrarleyfi tekur til eldistegundar en starfsleyfi kveður á um losunarmörk og styrk búnaðar.

**4. mgr. 3. gr.**

Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi að mati landbúnaðarráðherra gefur hann út rekstrarleyfi til 5 ára. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar, hvort um sé að ræða seiðaældi, hafbeiti, strandeldi, skiptiældi eða heilsárseldi, leyfilegar tegundir í eldi, leyfilegt framleiðslumagn, hámark sleppinga á seiðum í hafbeiti og skyldu fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma og/eða takmarka stærð eða framleiðslumagn fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar og hámark sleppinga á seiðum í hafbeiti. Einnig getur landbúnaðarráðherra bundið rekstrarleyfi

tílteknum skilyrðum, m.a. um að leyfshafi framkvæmi á eigin kostnað rannsóknir á hvort starfsemi fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar hafi í för með sér aukna hættu á fisksjúkdómum, snikjudýrum og/eða óæskilegri blöndun fiskstofna, s.s. merkingar á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt á öðrum hagsmunum í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu, mat á fari laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar, mat á fari eldisfiska með kerfisbundnum merkingum og sleppingum á eldisfiski, vöktun á nærliggjandi ám og vöktun á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi. Óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi fyrr en ákvörðun um matsskyldu eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eftir því sem við á. Ákvörðun um rekstrarleyfi skal vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

**Að því er varðar 4. mgr. 3. gr.:**

- Rekstrarleyfi skal almennt gefið út til 5 ára. Hér þarf að taka skýrt fram að ef starfsemin er í samræmi við ákvæði laga og rekstrarleyfis framlengist slíkt rekstrarleyfi sjálfkrafa. Að öðrum kosti munu fjárfestar ekki verða viljugir til að hætta fé í rekstur sem getur staðið á upphafspunkti að 5 árum liðnum.

- Ráðherra er heimilað að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma en fimm ára og/eða takmarka stærð eða framleiðslumagn stöðva. Hér er um vandmeðfarin ákvæði að ræða, sbr. það sem fyrr er sagt um áhrif þessa á arðsemi stöðva. Eðlilegra væri að kveða á um heimild ráðherra, þegar sérstakar ástæður krefjast, til að binda fullnaðarrekstrarleyfi skilyrðum og á meðan að þessi skilyrði væru ekki uppfyllt, væri framleiðslumagn minna. Að öðrum kosti er rekstraraðili settur í óþolandi hnappheldu.

Enn er kveðið á rannsóknarskyldu eldisaðila. Þrengja þarf hana og skilgreina. Markmið verða að vera raunhæf. Ekki er að finna viðlíka ákvæði í Norskum lögum. Full ruglingslegt er að tvítaka skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis, sem þegar hefur verið kveðið á um í 2. málsgrein 3. greinar frumvarps.

#### **5. mgr. 3. gr.**

Rekstrarleyfi tekur fyrst gildi þegar dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á fiskeldis- eða hafbeitarstöð.

**Að því er varðar 5. mgr. 3. gr.:**

- Kveðið er á um að rekstrarleyfi taki þá fyrst gildi þegar dýralækni fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á viðkomandi stöð. Hér þarf að kveða skýrt á um hvers eðlis sú úttekt eigi að vera þ.e. að hún snúi einungis að því að tryggja að rekstraraðili hafi farið að ákvæðum útgefins rekstrarleyfis og að honum sé gefið færi á að bæta úr ágöllum ef þeir finnast. Ekki á að vera unnt á þessum tímamarki að setja ný skilyrði fyrir rekstrinum.

Tillaga um orðalag 5.mgr. 3.gr. er svohljóðandi: Útgefið rekstrarleyfi tekur fyrst gildi þegar dýralæknir fisksjúkdóma og veiðimálastjóri hafa gert úttekt á fiskeldis- eða hafbeitarstöð.

#### **6. mgr. 3. gr.**

Ef breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni getur landbúnaðarráðherra fellt rekstrarleyfi úr gildi.

**Að því er varðar 6. mgr. 3. gr.:**

- Kveðið er á um að ef að breytingar verða á eldistegundum og/eða framleiðslumagni geti ráðherra fellt rekstrarleyfi úr gildi. Þetta ákvæði er fráleitt og ástæðulaust með öllu. Eftir orðanna hljóðan getur ráðherra svipt rekstraraðila leyfi ef hann dregur úr framleiðslu eða ef hann fer úr laxeldi í eldi á regnbogasilungi, sem ekki getur túngast við íslenskar aðstæður. Eðlilegt er að rekstrarleyfi kveði á um tegundir og leyfilega hámarksframleiðslu. Því til viðbótar væri eðlilegt að hafa í lögum viðurlagaákvæði er kveði á um refsingar við brotum á rekstrarleyfi, í formi sekta og/eða fangelsis. Rekstrarleyfi á ekki að hringla með að óþörfu. Ákvæði sem þetta kallar á

mismunun og geðþóttaákvæðanir og er ekki í samræmi við nútímaviðmið um rekstrarumhverfi atvinnulífsins.

#### 7. mgr. 3. gr.

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis- eða hafbeitar er óheimil

#### Að því er varðar 7. mgr. 3. gr.:

- Með greininni er framsal, leiga og veðsetning rekstrarleyfis bönnuð. Ekki kemur fram í athugasemdum með greininni hvaða rök eru fyrir þessu ákvæði. Áhrif þess eru að draga úr hagræðingu í greininni með sameiningu stöðva. Í greinargerð kemur fram að sameining sé möguleg, svo lengi sem sami aðili með sömu kennitölu haldi áfram að vera skráður fyrir rekstrarleyfinu og því takmarki þetta fyrst og fremst möguleika einstaklinga sem reka stöð á eigin kennitölu á að selja stöðina. Hver ástæða er til að takmarka það, kemur ekki fram.

#### 5. gr. a.

Ný grein bætist við lögina sem verður 74. gr. og orðast svo:

Ef fiskeldis- eða hafbeitarstöð hefur ekki hafið starfsemi að því marki sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis er landbúnaðarráðherra heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Ef rekstraráætlun er ekki fylgt eftir þann tíma er landbúnaðarráðherra einnig heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi.

#### Að því er varðar 5. gr. a.

- Kveðið er á um að ef stöð hefji ekki starfsleyfi innan 12 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis, sé ráðherra heimilt að afturkalla leyfið. Fiskeldi er rekstur sem byggir á 12 mánaða hringrás. Hrognakreistingar eru á ákveðnum tíma og svo er einnig um sjósetningu gönguseiða. Annars staðar í frumvarpinu er kveðið á um að gildistaka rekstrarleyfis sé háð því að yfirdýralæknir og veiðimálastjóri taki út stöðina. Ef slík úttekt dregst eftir útgáfu leyfis kann rekstraraðila að vera þröngur stakkur búinn. Lagt er til að þessum 12 mánuðum verði breytt í 18 mánuði. Einnig er lagt til að síðasta setning 5 gr. verði felld burt vegna þess að forsendur rekstrar eru síbreytilegar og rekstur verður að geta leitað sér bestunar á hverjum tíma.

#### 5. gr. b.

Ný grein bætist við lögina sem verður 75. gr. og orðast svo:

Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Eftirlitsskyldir aðilar eru fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem hafa fengið rekstrarleyfi samkvæmt 62. gr. þessara laga.

Fyrir eftirlit veiðimálastjóra skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiða árlegt gjald í ríkissjóð sem skal vera 0,25% af brúttósöluverði framleiðslu fiskeldis- og hafbeitarstöðva samkvæmt ársreikningi næstliðið ár á undan álagningu. Hafi tvær eða fleiri fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar sameinast skal miða fjárhæð brúttósöluverðs við samanlagða ársreikninga þeirra. Árlegt eftirlitsgjald skal þó aldrei vera lægra en kr. 25.000.- Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2002.

Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. september ár hvert. Veiðimálastjóri skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og tilkynna eftirlitsskyldum aðilum bréflaga um álagningu. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir á greiðslu gjaldsins frá gjalddaga.

#### Að því er varðar 5. gr. b.

- Í 1. mgr. er kveðið á um eftirlit veiðimálastjóra og frekari grein er gerð fyrir því á minnisblaði sem er fylgiskjal 2 með lögnum. Þar er gengið út frá því að gjaldtaka standi undir ráðningu tveggja ríkisstarfsmanna sem hafi eftirlitið með höndum. Slíkt er ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur, né þau viðmið sem sett eru í reglugerð forsætisráðherra um sama efni, nr. 812/1999. Hér ber að hafa í huga að eftirlit með heilbrigði sjávarafurða er í höndum faggiltra skoðunarstofa, sem sinna eftirliti með meðferð og búnaði fiskvinnsluhúsa um allt land. Fyrirtækin greiða þann kostnað sem af því hlýst. Eðlilegt er að komið verði á áþekku fyrirkomulagi hér.

• Kveðið er á um gjaldtöku í 2. mgr. Gert er ráð fyrir að greitt verði eftirlitsgjald sem er fastsett 0,25% af brúttósöluverði. Hér er margt að gæta. Í fyrsta lagi er fráleitt að festa gjaldið í ákveðinni hundradstölu, en nær að kveða á um gjaldið nemi allt að 0,25%. Að öðrum kosti er hér verið að setja á skatt en ekki þjónustugjald. Þá kemur ekki fram við hvað ber að miða þegar brúttósöluverð er ákveðið. Er um að ræða unna vöru á Japansmarkað eða slægðan heilan fisk? Í Noregi er söluverð skilgreint sem fiskur slægður og pakkaður frá verksmiðju. Að síðustu vekur undrun vísan í að gjaldið taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs. Hér er um að ræða atvinnugrein sem mun hafa allar tekjur af útflutningi. Vísitala neysluverðs er ekki skynsamur mælikvarði í því samhengi.

#### 5 gr. c

Ný grein bætist við löginn sem verður 76. gr. og orðast svo:

Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Veiðimálastjóri getur veitt rannsóknnaaðila undanþágu til sleppitilrauna í smáum stíl.

Flutningur eldistegunda sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrognna milli ótengdra vatnasvæða er óheimill.

Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu til flutnings á eldistegundum sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva svo og til flutnings á lifandi fiski og frjóvgaðum hrognnum milli ótengdra vatnasvæða að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma og fisksjúkdómanefndar. Veiðimálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun.

#### Að því er varðar 5 gr. c

Gert er ráð fyrir að Veiðimálastofnun veiti veiðimálastjóra umsögn um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til aukinnar hættu á erfðablöndun. Eins og fram kemur fyrr í athugasemdum þessum verður Veiðimálastofnun að teljast vanhæf þar sem hún hefur ekki megnað að koma fram sem óháður rannsóknaraðili eins og henni ber lögum samkvæmt.

#### 5. gr. d.

Ný grein bætist við löginn sem verður 77. gr. og orðast svo:

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

5. gr. d. Yfirvöld fisksjúkdóma verði heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu að undangenginni viðurkenndri sóttþreinsun.

#### 5. gr. e.

Ný grein bætist við löginn sem verður 78. gr. og orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, m.a. um útgáfu rekstrarleyfa, örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaelði, fíðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldis- og hafbeitarstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrognna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Landbúnaðarráðherra getur einnig að fenginni umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, fiskeldisnefndar, veiðimálanefndar, veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar takmarkað eða bannað fiskeldi eða hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landssvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi. Jafnframt getur landbúnaðarráðherra ákvarðað svæðaskiptingu meðfram strönd landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði.

#### Að því er varðar 5. gr. e.

• Greinin kveður á um frekari reglur sem landbúnaðarráðherra geti sett um framkvæmd laganna og þar sérstaklega bent á örmerkingar á hluta af eða öllum laxaseiðum í kvíaelði. Rétt er að benda á að kostnaður við hvert örmerki er verulegur og hæpið að krafa um merkingar alls fisks standist, enda valda merkingar auknum afföllum. Af því leiðir að skylda um örmerkingu allra

laxaseiða í kvíaelði væri illframkvæmanleg. Einnig verður að benda á að aðrar líffræðilegar afleiðingar geta verið neikvæðar s.s. minni vöxtur merktra fiska o.s.frv.

• Benda á að ráðherravald verður að teljast óeðlilega mikið skv. þessari grein. Greinin verður þannig um of háð pólitískum sveiflum á hverjum tíma. Faglegar ákvarðanir yrðu þannig of léttvægar móti pólitískum.

#### 6. gr.

85. gr. sem verður 90. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra fiskeldis- og veiðimála.

Til aðstoðar landbúnaðarráðherra um stjórn fiskeldis- og veiðimála eru fiskeldisnefnd, veiðimálanefnd og veiðimálastjóri.

#### **Að því er varðar 6.gr.**

Nægjanlegt verður að teljast að fiskeldisnefnd og veiðimálastjóri komi til aðstoðar ráðherra. Þar er fiskeldismál eru ekki veiðimál.

#### 7. gr.

Á eftir 88. gr. kemur ný grein sem verður 94. gr. og orðast svo:

Í fiskeldisnefnd eiga sæti fjórir menn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu veiðimálastjóra. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

#### **Að því er varðar 7. gr.**

Algert skilyrði er að LFH eigi fulltrúa í nefndinni. LFH mun ekki sætta sig við aðkomu Veiðimálanefndar og Veiðimálastofnunar að Fiskeldisnefnd.